

Ársskýrsla embættis ríkislögmans 2008

I. Inngangur

Samkvæmt reglugerð um ársskýrslu ríkislögmans sem forsætisráðuneytið gaf út þann 22. janúar 2008 skal embætti ríkislögmans árlega senda ráðherra skýrslu þar sem gefið er yfirlit yfir megin þætti í starfssemi embættisins. Reglugerð þessi var sett með heimild í 4. gr. laga um ríkislögmann nr. 51/1985, með síðari breytingum.

Ársskýrsla þessi er fyrsta ársskýrsla embættis ríkislögmans og tekur til starfssemi embættisins fyrir árið 2008.

Embætti ríkislögmans starfar samkvæmt lögum um ríkislögmann nr. 51/1985, með síðari breytingum, eins og fyrr er nefnt. Lögin tóku gildi 1. janúar 1986. Embætti ríkislögmans er sjálfstæð stofnun og heyrir samkvæmt lögnum undir stjórnarráðið. Verkefni embættisins eru skilgreind í lögnum. Þau eru í aðalatriðum eftirfarandi:

1. Uppgjör bótakrafna sem beint er að ríkissjóði.
2. Lögfræðilegar álitsgerðir samkvæmt ákvörðun ráðherra og aðstoð við vandasama samningsgerð.
3. Embættið fer með vörn þeirra einkamála fyrir dómstólum og gerðardómum sem höfðuð eru á hendur ríkinu og sókn þeirra einkamála sem ríkið höfðar á hendur öðrum.


Hjá embætti ríkislögmans starfa nú sex starfsmenn. Þar af eru fimm hæstaréttarlögmenn og einn ritari.

II. Starfsemi embættisins

Á árinu 2008 var fjárheimild embættis ríkislögmans samtals kr. 61.600.000. Rekstur embættisins á árinu 2008 var innan fjárheimilda ársins. Fjárveiting til embættisins vegna ársins 2009 er kr. 66.000.000.

Hér að neðan gefur að líta yfirlit yfir fjölda þeirra mála sem bárust ríkislögmanni á árinu 2008. Auk þess er yfirlit yfir óafgreidd mál hjá embættinu miðað við 31. desember 2007. Síðan er yfirlit yfir afgreidd mál á árinu 2008 og stöðu óafgreiddra mála þann 31. desember 2008.

	Óafgreitt 31.12.2007	Ný mál 2008	Afgreidd mál 2008	Óafgreitt 31.12.2008
Dómsmál	87	119	89	117
Bótakröfur	28	83	77	34
Erindi	5	34	18	21
Tryggingabætur	14	86	65	35
Ýmislegt		3	3	0
				0
Samtals	134	325	252	207



Samkvæmt framansögðu bárust embættinu 325 ný mál á árinu 2008. Fyrir voru samtals 134 óafgreidd mál í lok árs 2007. 252 málum var endanlega lokið á árinu 2008 og voru 207 mál óafgreidd í lok ársins.

Af nýjum málum á árinu 2008 voru 119 dómsmál. Af þeim voru 81 rekin fyrir héraðsdómi, 33 fyrir Hæstarétti og 5 fyrir Félagsdómi. Bótakröfur voru 83, erindi/álitsgerðir 34, tryggingabótakröfur 86 og önnur mál 3.

Á árinu 2008 voru afgreidd samtals 252 mál, eins og áður sagði. Þar af voru 89 dómsmál, 77 bótakröfur, 18 erindi/álitsgerðir, 65 tryggingabótakröfur og 3 önnur mál.

Um síðustu áramót voru ódæmd 117 dómsmál, 34 bótakröfur voru óafgreiddar, 21 erindi/álitsgerðir og 35 tryggingabótakröfur.

III. Töluleg sundurliðun verkefna 2008

Ný dómsmál á árinu 2008 skiptast í eftirfarandi flokka og undirflokka:

Dómsmál:		
1	Eignarréttarmál	6
2	Félagsdómsmál	5
3	Innflytjendur, dvalarleyfi	3
4	Sjórn fiskveiða	2
5	Landbúnaðarmál	2
6	Sjúklingatryggingar	1
7	Skaðabótamál:	
	~Almenn	6
	~Ábyrgð heilbrigðisstarfsmanna	6
	~Skaðabætur skv. lögum nr. 69/1995	4
	~Athafnir stjórnvalda	9
	~Handtaka/gæsluvarðhald ofl.	21
8	Skattamál	15
9	Starfsmannaréttur:	
	~Almenn	5
	~Lífeyrismál	1
	~Brottvikning úr starfi / tilfærsla	2
	~Vangreidd laun	12
	~Áminning í starfi	1
10	Stjórnsýsla	6
11	Umhverfismat / mál	2
12	Útboðsmál	2
13	Þinglýsingar	4
14	Málskostnaður	1
15	Réttargæsla	2
16	Önnur mál	1
	Samtals	119

Bótakröfur:		
1	Skaðabætur:	
	~Almennar skaðabætur	13
	~Ábyrgð heilbrigðisstarfsmanna	15
	~Skaðabætur skv. lögreglulögum	29
	~Athafnir stjórnvalda	5
	~Handtaka/gæsluvarðhald ofl.	9
2	Innflytjendur / dvalarleyfi	1
3	Stjórn fiskveiða	1
4	Starfsmannaréttur	4
5	Stjórnsýsla	1
6	Útboðsmál	3
7	Þinglýsingar	2
	Samtals	83

Tryggingabætur:		
1	Tryggingabætur skv. kjarasamningi	86
	<i>Samtals</i>	86
 Erindi / álitsgerðir:		
1	Almenn erindi	15
2	Álitsgerðir	3
3	Dómkvaðning matsmanna	9
4	Mannréttindadómstóll Evrópu	4
5	Umsagnir	3
	<i>Samtals</i>	34
 Ýmislegt:		
1	Ýmis innkomin mál	3

Reykjavík, 16. febrúar 2009

Skarphéðinn Þórisson hrl.